

XXI. SPURNINGARMERKI

119

Spurningarmerki er sett á eftir málsgrein (málsgreinarígildi) sem felur í sér beina spurningu. Ef tvær eða fleiri spurningar koma í röð má aðgreina þær með kommu eða tengingu og setja spurningarmerki í lokin.

Hvað er í matinn?
„Hvenær kemur þú heim?“ spurði Jón.
Hvað?
Með frönskum og hrásalati?

Hvert ferðu, hvers vegna og hvenær kemurðu aftur?
Er það í fyrramálið sem hún fer eða á sunnudaginn?

Hafa ber í huga mun á beinum og óbeinum spurningum.

Hann spurði: „Hvar er skjalið?“
Hann spurði hvar skjalið væri.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.